

AUGLÝSING

1

2. jan.

um notkun heimildar til að innheimta ýmis gjöld 1950 með viðauka.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild laga frá 30. des. 1949 til að innheimta með viðauka eftirgreind gjöld á árinu 1950:

1. Með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur rikissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestagjald.
2. Með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1950, svo og gjöld til rikissjóðs samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna, með 200% viðauka.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við þessa viðbót, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1950.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Kristján Thorlacius.

AUGLÝSING

2

2. jan.

um notkun heimildar laga frá 30. des. 1949, um að fella niður tolla af kornvöru, lækka tolla af sykri o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum frá 30. desember 1949, um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýr- tíðar og erfiðleika atvinnuveganna, hefur ráðuneytið ákveðið:

1. Að fella niður á árinu 1950 tolla af baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru, mjöli úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.
2. Að lækka um helming á árinu 1950 tolla af sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppa- sykri.
3. Að innheimta á árinu 1950 með 50% viðauka gjald af kaffibæti samkv. 3. kafla 2. gr. laga nr. 60 1939.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1950.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Kristján Thorlacius.

1